



## Fræðsla fyrir þinn klúbb 2009-2010

*Lionshreyfingin stendur fyrir miklu fræðslustarfi. Félögum stendur til boða fjölbreytt úrval námskeiða, sem miða að því að efla félagana, styrkja klúbbstarfið og þjálfa leiðtoga.*

### KLÚBBFORMENN OG SVÆÐISSTJÓRAR.

Kæru Lionsfélagar.

Nú er enn og aftur komið að því að kynna fyrir ykkur hvað er í boði af fræðsluefni í vetur. Eins og venjulega geta Lionsklúbbar og svæði þantað námskeið og valið þann stað og tíma sem best hentar hverju sinni.

Mjög margir svæðisstjórar hafa fengið námskeið á svæðisfundum og fengið hrós fyrir það hjá fundarmönnum einnig hafa klúbbstjórnir fengið ýmis námskeið eða kynningar á málefnum hreyfingarinnar á Lionsfundum. Klúbbar eða svæði geta einnig fengið skipulagðan heilan námskeiðsdag fyrir sig og það eru án efa skemmti-legustu og gagnlegustu námskeiðin. Við stingum upp á heilum laugardegi eða sunnudegi. Mjög góð reynsla er af þessu fyrirkomulagi. Mikilvægt er að kynna námskeiðin vel, til að tryggja þátttöku.

### Hvaða námskeið eru í boði?

#### Siðameistaránámskeið

Haldið fyrir siðameistara, varasiðameistara eða aðra þó sem halda uppi fjörinu á fundum..

**Tími:** Fimmtudagur 8. október 2009 kl: 20:00 **Staður:** Lionsheimilið Sóltúni 20, Rvk.

**Leiðbeinandi:** Hrund Hjaltadóttir f.v.fræðslustjóri

#### Nýliðanámskeið

“Hvað er Lions?” fyrir nýja eða væntanlega féлага, ásamt meðmælanda, félaganefnd eða stjórn og alla þá sem vilja vera “með á nótnum”.

**Tími:** Fimmtudaginn 5.nóvember kl. 20:00 **Staður:** Lionsheimilið Sóltúni 20, Rvk. Þetta námskeið er líka upplagt fyrir klúbbfundi og svæðisfundi því það er nú þannig að við höfum öll gott af smá upprifjun um Lionshreyfinguna.

**Leiðbeinendur:** Guðmundur Helgi Gunnarsson Lkl. Fjörgyn og Jóhanna Valdemarsdóttir Lkl. Kaldá

#### Félaganefndanámskeið

Námskeiðið er í formi fyrirlestra, umræðna og verkefna. **Þetta námskeið hefur verið mjög vinsælt að þanta á svæðisfundi og klúbbfundi**

Það er upplagt fyrir félaganefndir, stjórnir og varastjórnir. Vegna þeirra auknu áherslu sem alþjóðastjórn leggur á félagamálin verða námskeið haldin á mögum stöðum og ýmsum tímum allan næsta vetur. Þau fjalla ekki bara um það að ná í nýja féлага eða stofna nýja klúbba, heldur fyrst og fremst um hlutverk félaganefndar, leiðir til að halda í félagana og hvernig við komum í veg fyrir að félagar hætta klúbbunum.

#### Leiðtogabjálfun - Hvaða efni?

**Þetta eru mismunandi fræðsluerindi sem upplagt er að þanta á klúbbfund eða svæðisfund.**

Vaxandi áhugi er á leiðtogabjálfun og er mikið úrval námskeiða á því sviði. Hægt að velja nokkur og setja saman skemmtilega dagskrá. Hver liður tekur 1-2 klst. eftir því hvort verkefni eru tekin með.

- Stjórnunaraðferðir – Leiðtogastílar.
- Sterkur leiðtogi - Virkni og frumkvæði.
- Að setja saman teymi - Öflugt hópstarf.
- Árangursrík liðsheild: Virkja og hvetja.
- Samskipti og virk hlustun.
- Stefnumótun - Markmiðasetning.
- Ákvarðanatöku – Að deila út verkefnum.
- Fundarstjórn - Fundarsköp.
- Skipulögð nefndarstörf.
- Verkefnastjórnun.
- Úrlausn vandamála - Að stjórna deilum.
- Áhrifaríkur málflutningur Ræðumennska

## **Ræðunámskeið**

Þetta námskeið er upplagt fyrir klúbba eða svæði að halda fyrir ca. 12-14 félaga í einu. Námskeiðið er sett upp sem tveggja kvöldna námskeið með nokkurra daga millibili til að sem mest komi út úr námskeiðinu. Kostnaður við þetta námskeið er tvö þúsund kr. á hvern félaga sem tekur þátt ( kennslugögn). Klúbbformenn vinsamlega hafið samband ef þið hafið áhuga.

## **LeiðtogaSKÓLI Lions 2010**

**Tími:** 12.-14. febrúar og 5.-7. mars. 2010

(tvær helgar = 4 dagar, alls 32 klst.) heimavinna( hópvinna) milli helga.

**Staður:** Auglýst síðar

**Verð:** Þátttökugjald er 18.800 krónur. Innifalið er kennsla, námsgögn, gisting (föstud. til sunnud.) og fæði. Skólinn er styrktur af alþjóðastjórn Lions og ýmsum styrktaraðilum.

**Umsóknarfrestur til 25.janúar 2010**

**Umsóknnum svarað 30. janúar**

**Þátttakendur:** Allir Lionsfélagar geta sótt um, bæði ungir og óreyndir félagar sem og reyndir embættismenn heyfingarinnar. Hámarksfjöldi er 30 manns.

**Marmið:** Markmiðið er að þjálfa leiðtoga, byggja upp félagana og styrkja klúbbstarfið.

**Efni:** Kennt er efni sem Lions Clubs International hefur útbúið í leiðtogabjálfun (Leadership Development) fyrir Leiðtogaskólana (Leadership Institute). Náms efni og kennsla er á íslensku. M.a. verður kennt: Stjórnunararstílar, leiðtogahæfileikar. Samskiptahæfileikar, virk hlustun. Að virkja og hvetja. Hópstarf, samvinna, að byggja upp teymi. Frumkvæði og virkni. Markmiða-setning og áætlanagerð. Að taka ákvarðanir og deila út verkefnum. Að leysa vandamál og stjórna deilum. Stjórnun breytinga. Fundarstjórn. Ræðumennska. Upplýsingatækni Lions.

**Upplýsingar og umsóknareyðublöð fást á Lionsskrifstofunni, sími 561-3122.**

**Nánari upplýsingar veita:**

**Guðmundur H. Gunnarsson** hs. 566-7686 GSM 693-4210

**Netfang:** [g.helgi@simnet.is](mailto:g.helgi@simnet.is)

**Guðrún Yngvadóttir** hs. 565-7097 GSM 896-7097

**Netfang:** [gudrun@hraunfolk.net](mailto:gudrun@hraunfolk.net)

**Kæru félagar !**

**Formenn klúbba, svæðisstjórar og aðrir þeir sem láta sig Lionsmálefni varða og eru sammála okkur um að góð fræðsla styrki Lionsstarfið!**

**Ágætu félagar hafið það þó í huga að Lionskennararnir okkar eru í vinnu alla virka daga og kenna á námskeiðunum í sjálfboðavinnu í frítíma sínum. Þess vegna getur verið erfitt að fara út á land í miðri viku. Helgarnámskeið henta betur nema í næsta nágrenni höfuðborgarsvæðisins. Mikilvægt er að kynna námskeiðin vel til að tryggja góða þátttöku. Miðað er við lágmark 20 manns til að Lionshreyfingin greiði ferðakostnað kennara.**

**Ef þú vilt panta námskeið, fá meiri upplýsingar eða koma hugmyndum á framfæri, vinsamlegast hafðu samband við undirritaðan.**

**Guðmundur Helgi Gunnarsson fræðslustjóri MD 109**

**Símar: 5667686 GSM 6934210**

**Netföng [g.helgi@simnet.is](mailto:g.helgi@simnet.is) og [ghg@iav.is](mailto:ghg@iav.is)**